

Fundargerð stjórnar BÍS 07/2015. miðvikudaginn 18. mars 2015 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Unnur Flygenring, formaður dagskraráðs, Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs., Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs, Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Dagskrá:

- 1) Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
- 2) Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt
- 3) Skátaþing:
 - a) Framlag 250 þús í úthlutun styrktarsjóðs. Samþykkt
 - b) Umræðuhópar: JA sendir hópablaðið á stjórn – stjórn sendir punkta til JA. Samþykkt að bjóða einnig upp á opna umræðuhópa, þ.e. að þingfulltrúar geti stungið upp á umræðuefnum.
 - c) Setja inn tillögu um endurskoðun inn í dagskrá þingins.
 - d) Kosning endurskoðenda: JÞG og ÞA funduðu með fundarstjóra Skátaþings til þess að undirbúa þingið. Hann kom með þá ábendingu að rétt væri að taka út úr lögum að kjósa skuli löggiltan endurskoðanda þar sem í lögunum er ákvæði um endurskoðun og félagslega skoðun. Hugsanlega væri hins vegar rétt að fjölga félagslega kjörnu skoðunarmönnum í tvo. JÞG falið að ræða þetta í laganefnd.
- 4) Afgreiðslumál:
 - a) Stjórnaryfirlit Æskulýðsvettvangsins: Lá frammi.
 - b) Æskulýðsdeild MRN: Framkvæmdastjóra falið að leggja drög að bréfi til ráðherra þar sem lýst er áhyggjum af stöðu deildarinnar og óskað upplýsinga um framtíðaráform varðandi málaflokkinn.
 - c) Samanburður á kostnaði og framlögum til íþróttar og æskulýðsstarfs. Rætt var um möguleika á því að fá fram samanburð á kostnaði per einstakling í annars vegar íþróttastarfi og hins vegar æskulýðsstarfi.
 - d) Fundargerð ÚVR: lagt fram.
 - e) Bréf frá Jónatan Smára Svavarssyni: Stjórn þakkar bréfið.
 - f) Erindi frá MRN:
 - g) Samningur við MRN: BB undirritar, samþykkt
 - h) Erindi frá ÚSÚ vegna logo: Samþykkt
- 5) Önnur mál
 - a) Slúður: HS sendi á stjórn til að upplýsa.
 - b) Kvöldskemmtun: BS fékk fyrirspurn frá Kópum.
 - c) Nýliðadagskrá. BB er falið að koma nýjum meðlimum stjórnar, ráða og nefnda inn á málin fyrir stjórnarfund no 2
 - d) BB þakkaði UF fyrir samstarfið þar sem þetta er hennar síðasti fundur.

e) Næsti fundur: 8. apríl

Reykjavík, 09.03.2015

f.h. Skátahöfðingja

Hermann Sigurðsson
Framkvæmdastjóri BÍS